

<b>Fundarnúmer:</b>	101
<b>Dagsetning:</b>	04.06.2008
<b>Tími:</b>	16:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

101. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 4. júní 2008 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Kl. 16:00 Viðræður við leikskólastjóra
2. Kl. 16:30 Viðræður við skólastjóra Tónlistarskóla V-Hún.

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri kynnti fræðsluráði atriði sem snerta rekstur skólans m.a. aðkomu og lýsingu á bílastæðum við skólann, starfsemi leikskóladeildar í Víðihlíð næstkomandi vetur, þörf á auknu starfshlutfalli vegna afleysinga sem m.a. kemur til af starfsafslætti leikskólakennaranema en þeir verða a.m.k. 3 á komandi vetri, ósk um heimild til ráðningar starfsmanna í stoðþjónustu. Rætt um þörf fyrir ráðningu fagmenntaðs starfsfólks, en leikskóli ásamt grunnskóla og félagsþjónustu munu í næstu viku birta sameiginlega auglýsingu þar sem auglýst er eftir starfsfólki.

Að umræðum loknum viku Guðrún Lára og Ingibjörg Alma, fulltrúi starfsmanna af fundinum.

2. Elínborg Sigurgeirsdóttir, skólastjóri tónlistarskóla er mætt til fundarins. Rætt um reglur sem einstök sveitarfélög hafa sett um stuðning við nemendur sem stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum. Fræðsluráð leggur til við sveitarstjórn að settar verði reglur um stuðning við nemendur sem stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum. Elínborg vakt athygli á að á árinu 2009 verða 40 ár liðin frá stofnun Tónlistarskóla Vestur-Húnavatnssýslu og væntir hún þess að tónlistinni verði gert hátt undir höfði í Húnaþingi vestra á þessu afmælisári skólans.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:35

Guðrún E. Benónýsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),  
Maríanna Eva Ragnarsdóttir(sign.), Hannes Þór Pétursson(sign.),  
Guðmundur Ísfeld(sign.), Elínborg Sigurgeirsdóttir(sign.).